

Ed.

59. Frumvarp til laga

[46. mál]

um eyðingu svartbaks.

Flm.: Þorsteinn Þorsteinsson, Hermann Jónasson.

1. gr.

Lög nr. 89 9. júlí 1941, um eyðingu svartbaks, skulu gilda til ársloka 1951.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1949.

Greinargerð.

Lög um eyðingu svartbaks hafa verið framlengd tvisvar áður á Alþingi, 1943 og 1946, og í síðara skiptið var framlengingin til ársloka 1948. Þar sem síðan hefur orðið allverulegur árangur af lagafyrirmælum þessum og æðarvarp aukizt, en vargfugli fækkað í varplöndum, þykir full nauðsyn að halda lögum þessum enn í gildi.

Þess var vænzt, að þegar Alþingi veitti tuttugu og fimm þúsund krónur til leiðbeininga og tilrauna um æðarvarp, myndu styrkþegar eða styrkþegi semja allrækilegt frv. um verndun þess og viðgang, en þegar þessir menn sinntu því engu, þótt lög þau, er veita æðarvarpinu meginvernd, gangi úr gildi, töldum við flutningsmenn sjálfsagt að varna því, að þau falli niður.

Það skal játað, að fleiri ráðstafanir þarf að gera til verndar æðarfugli og æðarvarpi til þess að viðhalda þessum arðvænlega og ánægjulega atvinnuvegi en gert er ráð fyrir í lögum þessum. Væntum við þess, að landbúnaðarráðuneytið hefjist handa um, að hið fyrsta verði lagt fyrir Alþingi frv., er að enn meira gagni megi verða fyrir æðarvarp og dúnnýtingu en þetta frv.